

Félag kennara á eftirlaunum

FKE-fréttir

1. töl. 35. árg. - 1. janúar 2015



Allir á árshátíð föstudaginn 6. mars!! Mynd: GÓP.

Árshátíðin verður 6. mars kl. 19 á Grand Hótelu við Sigtún.

Greiða þarf aðgangseyrinn - kr. 6000 - inn á reikning félagsins, reikningsnúmer: 0313-26-004211, kt. 421190-1359, ekki seinna en 2. mars. Það er nauðsynlegt vegna skipulags hótelsins. Aðgöngumiðarnir verða svo afhentir við innganginn. Þeir gilda einnig sem happdrættismiðar.

Fræðslu- og skemmtifundir

halda áfram á nýju ári á Grand Hóteli við Sigtún. Spiluð er félagsvist, en að henni lokinni, um kl. 15:00, er alltaf einhver dagskrá. Þau sem ekki spila njóta veitinga, spjalla við kunningja og fylgjast með myndasýningum þar sem sýndar eru myndir úr starfi félagsins.

Veitingar eru seldar af kaffihlaðborði. Óbreytt verðið er kr. 1500.

Fundirnir eru á fyrsta laugardegi hvers mánuðar, nema of nærri sé áramótum eða páskum – eins og gerist í janúar og apríl á þessu vori. Frávikin eru feitletruð hér fyrir neðan.

Við mætum upp úr kl. 13:00 svo að við getum byrjað spilið stundvíslega kl. 13:30.

Fundirnir verða:

10. janúar Eftir kaffið verður fjallað um 37. mót norrænna eftirlaunakennara í Þrándheimi sumarið 2014.

7. febrúar Viðfangsefnið eftir kaffið er enn í deiglu.

28. mars Aprílfundurinn færir fram vegna páskanna. Bókmenntaklúbburinn stýrir dagskrá eftir kaffið.

2. maí Eftir kaffið verður aðalfundur FKE.

FKE-fréttir - þetta tölublað - verður borið heim til þeirra sem ekki hafa uppgengið netfang. Það flýtir dreifingu og minnkar kostnað félagsins ef allir sem hafa netfang - en fengu samt þetta eintak borið heim að dyrum - láta vita af netfanginu sínu með því að senda póst á FKE@simnet.is.

Allir sem eru á netpóstskrá félagsins fá blaðið sent í netpósti. Þannig sparast félaginu sendingarkostnaður um leið og það hraðar afhendingu blaðsins til þeirra félagsmanna.

Fundir bókmenntaklúbbsins

verða í Kennarahúsinu við Laufásveg annan hvern fimmtudag frá kl. 13:30 til u.þ.b. 15:30.

Ingibjörg Júlíusdóttir og Valborg Baldvinsdóttir leiða starfið.

Fundir klúbbsins verða þessa daga:

8. og 22. janúar,

5. og 19. febrúar,

5. og 19. mars,

9. og 30. apríl.

EKKÓkórinn

æfir kl. 16:30 alla þriðjudaga frá 13. janúar í húsi Uppeldis- og menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð (Kennaraháskólanum). Í haust hafa kórnum bæst nýir félagar en það er alltaf pláss fyrir fleiri. Ef þú vilt vera með er einfaldast að mæta bara á æfingu eða hafa samband við formann kórsins, Guðfinnu Ingu Guðmundsdóttur, í síma 552-4831.

Stjórnandi kórsins er Bjartur Logi Guðnason.

Tölvustarf

verður í Ármúlaskóla alla mánudaga kl. 15-17 í stofu N202 frá 12. janúar til 27. apríl. Niður fellur mánudagurinn fyrir páska og mánudagurinn annar í páskum.

Þú kemur og ferð þegar þér hentar. Allir félagsmenn og vinir þeirra eru velkomnir, byrjendur sem lengra komnir. Hver kemur með sitt viðfangsefni eða vandamál - og það kostar ekki neitt.

Ekki þarf að skrá sig fyrirfram, - bara mæta á staðinn.

Þar liðsinnir Gísli Ólafur Pétursson.

Sumarferðir í júlí og ágúst

Farin verður eins dags ferð þann 17. júlí í Fljótshlíð.

Í tilefni 35 ára afmælis FKE er stefnt að fjögurra daga ferð um Austurland, um eða eftir miðjan ágúst.

Nánar um sumarferðirnar í maí-blaði FKE-frétta. Eftir útkomu þess blaðs verður byrjað að taka móti skráningu í ferðirnar.

Þekkir þú kennara sem eru að fara á eftirlaun?

Bentu þeim á að skrá sig í FKE. Eitt símtal nægir.

Fjola Ósk Gunnarsdóttir í Kennarahúsinu tekur við skráningum í síma 595-1111 – og í netfangið fjola@ki.is.

Aðild að félaginu er ókeypis auk þess sem skráningin viðheldur FKE-aðgangi að Orlofssjóðnum.

Markmið okkar er að sem flestir kennarar, sem hættir eru störfum, njóti þess sem félagið hefur að bjóða.

* * *

Stjórn og varastjórn Félags kennara á eftirlaunum:

Þóra A. Guðmundsdóttir	867 6871	albertag@simnet.is
Þóra Kristinsdóttir	894 5555	thoraunnur@simnet.is
Pétur Bjarnason	892 0855	peturbjarna@internet.is
Guðrún Lára Ásgeirsdóttir	896 5457	glasg@simnet.is
Kristján Sigfússon	867 4831	ksigfusson@yahoo.com
Halldór Þórðarson	893 6099	hallth44@gmail.com
Guðrún Ólafía Samúelsdóttir ..	864 9669	mosarima35@simnet.is